

Um félagsgjöldin

Því VAR LOFAÐ hér fyrir nokkrum blöðum, þegar vöngum var velt yfir fulltrúalýðræðinu í Læknafélags Íslands, að næst yrðu félagsgjöldin til umræðu. Félagsgjöldin hafa ekki síður verið milli tanna lækna en aðstaða einstakra lækna til að hafa áhrif á opinbera afstöðu LÍ og ákvarðanir, sem teknar eru af stjórn þess og aðalfundi. „Í hvað fara félagsgjöldin?“ „Er nauðsynlegt að hafa þau svona há?“ „Eru félagsgjöld annarra stéttarféлага ekki miklu lægri en okkar?“ Þetta eru sigildar spurningar og sjálfsgæðar og eðlilegt að þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Ég minnst þessara spurninga frá aðalfundum félagsins á níunda áratug síðustu aldar. Á þeim tíma athugaði ég árgjöld LÍ í nokkur ár og bar saman við árslauð heilsugæslulækna, en því starfi gegndi ég þá eins og nú. Þá voru árgjöldin um 2,5% af föstum árslauðum en föst árslauð voru mun minni hluti heildartekna heilsugæslulækna, en nú gerist. Lætur nærri, að árgjaldið hafi þá verið um eða innan við 1% af heildarlaunum lækna. Sé litið til tekna lækna nú á tímum skv. opinberum skýrslum má gera ráð fyrir að árgjald til LÍ sé á bilinu 0,5-0,7% fyrir þorra þeirra.

Hvað er svo fengið með þessu árgjaldi? Er


framganga stjórnar og starfsmanna LÍ viðunandi fyrir þennan kostnað eða er ef til vill hægt að fá meiru áorkað fyrir lægri upphæð. Þessari spurningu var svarað játandi haustið 1997 og farið í mjög alvarlega og erfiða naflaskoðun á starfsemi LÍ. Leiddi hún meðal annars til uppsagna og þegar frá leið lækunar árgjalda, sem enn sér stað. Árgjöld hafa til að mynda lækkað að raungildi frá þeim tíma og verið óbreytt nú í nokkur ár þrátt fyrir nokkra verðbólgu. Í annan stað er það mat okkar Gunnars Ármannssonar framkvæmdastjóra, að tími okkar fari að langmestu leyti í hagsmunagæslu fyrir lækna og að önnur fagleg, menningarleg eða enn önnur „gæluverkefni“ eins og sumir kjósa að orða það, séu hverfandi á verkefnalista okkar.

Hér gefur að líta köku sem sýnir skiptingu árgjalds hvers læknis þannig að rekja má eftir krónum, hvert tíund hans rennur. Þetta er birt án ábyrgðar endurskoðanda félagsins enda unnið af undirrituðum. Ekki skal lagður neinn dómur á réttmæti þessarar skiptingar en hún fylgir fjárhagsáætlun félagsins eins og hún er ákveðin af aðalfundi. Vonandi getur þetta kökurit orðið til efni til upplýstrar umræðu og skoðanaskipta um fjármál félagsins.



Sigurbjörn Sveinsson

form@lis.is



Höfundur er formaður stjórnar LÍ.

Í pistlun Af sjónarhóli stjórnar birta stjórnarmenn LÍ sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.